

Ár 2018, föstudaginn 19. október, er dómþing Dómstóls Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands (ÍSÍ) haldið af Gunnari Guðmundssyni dómara að Austurströnd 3, Seltjarnarnesi

Fyrir er tekið: Mál nr. 8/2018

Ragnar Sverrisson
gegn
Dansíþróttasambandi Íslands

Gögn málsins nr. 1 liggja frammi

Er nú í réttinum kveðinn upp svofelldur

ÚRSKURÐUR

I. Dómkröfur

Málið var höfðað með kæru móttækinni af skrifstofu ÍSÍ þann 9. október sl. Undirrituðum dómara var falin meðferð málsins

Kröfur kæranda: Kærandi óskar eftir því að DSÍ beiti sér fyrir því að dóttur hans, verði leyft að keppa á dansmóti UMSK þann 21. október 2018 með sínum 2 dansfélögum.

II. Forsendur og niðurstöður

Samkvæmt grein 27.2 í lögum ÍSÍ ber formanni dómsins svo fljótt sem hægt er að taka afstöðu til þess hvort einhverjir formgallar samkvæmt 26. gr. geri það að verkum að málið sé ekki tækt til meðferðar. Séu slíkir gallar á málinu skal dómsformaður vísa málinu frá dómi með úrskurði.

Í 26. gr. laga ÍSÍ er að finna formreglur um kærur til dómstóls ÍSÍ. Þessum reglum er ætlað að tryggja skýrleika um málsaðild, kröfur, atvik, málsástæður og lagarök við rekstur mála fyrir dómstól ÍSÍ. Samkvæmt d-lið 26.2 gr. laga ÍSÍ skal í kæru vera greinargóð lýsing á því hvaða kröfur eru gerðar í málinu. Kröfugerð þarf því að vera svo ákveðin og ljós að unnt sé að taka hana upp óbreytta sem ályktunarorð dómsniðurstöðu í máli.

Ljóst er að kæra uppfyllir ekki umræddar kröfur enda óljóst af kæru hver kröfugerð kæranda er og ennfremur að hverjum hún beinist. Það er mat dómsins að mjög skorti á skýrleika í málatilbúnaði kæranda sem leiði til vanreifunar þess svo mjög að ekki verði hjá því komist að vísa málinu frá dómi.

III. Úrskurðarorð

Máli þessu er vísað frá dómi.

Gunnar Guðmundsson (sign.)

Athygli er vakin á ákvæðum greinar 24.3 í lögum ÍSÍ en þar segir: „Sé málið vísað frá dómi hefur kærandi þriggja daga frest til að skjóta málinu aftur fyrir dómstólinn. Frestur byrjar að líða þegar frávísun berast kæranda og almennir frídagar skulu ekki telja með.“